

Fulltrúaráðsfundur haldinn þriðjudaginn 21. Janúar 2014 í Hjalla

Niðurstöður úr yngsta stigi 1. 2. og 3. bekkur:

1. Hvernig hefur gengið?

Bekkjarfulltrúar hafa verið duglegir að hittast, uppí 100% mæting á suma viðburði. Hafa farið í grasgarðinn og haldið jólafundur, spilakvöld, tekið fyrir foreldrasáttmálann í öllum bekkjum. Sameiginlegt diskótek í 3. bekk gekk mjög vel. Sett var upp facebók síða fyrir 1. bekk.

2. Bekkjarbragur

Of mikill fjöldi í bekkjum, mikill hávaði og vantar næði.

Mikil óánægja með Dægradvöl, algjört kaos. Hafa sent fyrirspurnir á stjórnendur en ekki fengið svör.

3. Framundan

Ætla að vinna með bekkjarbraginn, halda mikið af viðburðum, innan bekkja og sameiginlega.

Niðurstöður hópavinnu bekkjarfulltrúa úr miðstigi 4. 5. og 6. bekkur:

1. Hvernig hefur gengið?

Bekkjarfulltrúar voru almennt sammála um að starfið hefði gengið vel það sem af er vetrar, foreldrasáttmáli var kynntur og undirritaður á fundum með foreldrum fyrr í haust.

Vel heppnuð bekkjarkvöld hafa verið haldin í bekkjunum, misjafnt var hvort þau voru haldin innan hvers bekkjar og eða sameiginlega.

4. bekkur hélt sameiginleg bekkjarkvöld fyrir allan árganginn, á öðru kvöldinu var haldið diskó og pizzur snæddar á eftir. Á seinna kvöldinu var haldið spilakvöld þar sem félagar frá Spilavinum komu og kynntu hins ýmsu spil fyrir foreldrum og börnum.

6. bekkur fór saman í bogfimi og fannst öllum hún skemmtileg, jafnt stúlkum sem drengjum.

6EJ hélt bingókvöld, með vinningum, allir komu með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

5. bekkur fór á skauta.

Umsjónarkennarar hafa því miður ekki náð að mæta á bekkjarkvöldin.

2. Hvernig er bekkjarbragurinn.

Fulltrúarnir voru almennt á því að bekkjarbragurinn væri góður, menn viðurkenndu reyndar að menn vissu ekki betur, skv. skilaboðum frá börnum og kennara. Vantar svolítið yfirsýnina!

Umsjónarkennarar hafa sent vikulegan póst og eru til viðtals í sérstökum viðtalstímum en hafa ekki náð að halda fund með foreldrum þar sem allir foreldrar hittast og geta rætt málefni bekkjarins, bekkjaranda/bekkjarbrag með umsjónarkennaranum. Það þyrfti að gera kröfu um að bekkjarfundi/samráðsfundi á sitt hvorri önninni.

3. Framundan.

4 bekkur er að velta fyrir sér að skipuleggja óvissuferð með árganginum, t.d. hægt að fara niður í bæ með strætó, rölta um miðbæinn, fara á eitthvert safn og eða á kaffihús. Einfalt í framkvæmt og skemmtilegt.

Upp kom tillaga um að fara í draugaferð eða kvöldgöngu með vasaljós um t.d. Heiðmörk, skógræktina eða Guðmundarlund.

Haust/vor: Fara í ratleik um Heiðmörkina, þar sem vísbendingar eru byggðar á foreldrasáttmálunum, til að börn og foreldrar geti rætt um efni foreldrasáttmálans, á eftir er hægt að grilla (börnin ærslast um meðan foreldrarnir grilla).

Hvetja þarf foreldra til þátttöku á öllum þessum viðburðum, þar sem þetta er ekki síður fyrir foreldrana, til að njóta samvista með börnunum, kynnast bekkjarfélögum barnsins og foreldrum barnanna.

Eitt að lokum: Vantar nauðsynlega símaskrá innan árganganna og fyrir allan skólann.

Ritari: Anna María Bjarnadóttir, foreldri barns í 6EJ.

Niðurstöður hópavinnu bekkjarfulltrúa úr miðstigi 7. 8. 9. og 10. bekkur:

1. Hvernig hefur gengið?

Margt búið að gera og mikill áhugi á viðburðum eins og leikhúsi og Disóteki með "Íshlaðborði". Bekkjarfulltrúar eru ekki skemmtanastjórar og þurf að eiga góða samskipti um dagskrá og viðburði.

2. Hvernig er bekkjarbragurinn?

Viðhorf nemenda mótast líka heima og foreldrar þurfa að muna það.

3. Framundan?

Eiga áfram góð samskipti við aðra bekki og skapa stemmingu fyrir góðum skólabrag í öllum árgöngum.